

## Skýrsla bæjarstjóra 16. desember 2020

Gleðilegt nýtt ár kæru bæjarfulltrúar, starfsmenn og íbúar með þökk fyrir árið sem er að líða.

Það má segja að nýtt ár fari af stað með hvelli þar sem veður hafa verið okkur erfið fyrstu daga þessa árs. Það blæs byrlega en við getum verið þakklát fyrir að okkur fennir ekki í kaf líkt og víða annars staðar, eða það segja Hornfirðingar vanalega.

- Eftir síðasta bæjarstjórnarfund hóf ég undirbúning að vinnu við stefnumótun á árinu 2020 en fyrirhugað er að fara af stað með þá vinnu í byrjun febrúar í samstarfi við Podium ráðgjafastofu. Janúar mánuður fer í gagnaöflun til að greina stöðuna í dag. Í febrúar verða vinnufundir og þar með hefst vinnan af alvöru. Markmiðið er að útkoman með stefnumótunavinnu verði heildstæð stefna fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð þar sem heimsmarkmiðin verða höfð að leiðarljósi. Í kjölfarið verða aðrar undirstefnur teknar upp og endurskoðaðar.
- Ég sat fund með Vegagerðinni, fulltrúum frá Vatnajökulsþjóðgarði og nefndarmönnum í Umhverfis- og skipulagsnefnd til að ná fram niðurstöðu í aðal- og deiliskipulagsvinnu fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er varðar veglínu. Aðilar komust að samkomulagi um besta mögulega fyrirkomulagið og var því hægt að samþykkja deiliskipulagið hjá Umhverfis- og skipulagsnefnd á janúar fundinum og var það sömuleiðis til afgreiðslu hér í dag. Það styttist því í að hægt verði að hefja alvöru uppbyggingu þjónustuhúsnæðis við Jökulsárlón sem eru frábærar fréttir.
- Föstudaginn 20. desember var fundardagur í Reykjavík en þar gegg ég frá sölu á Bjargi fyrir hönd sveitarfélagsins. Ég fór á fund vegna samninga um lífeyrisskuldbindingar fyrir heilbrigðisstofnunina. Þetta mál hefur fylgt mér frá því á starfstíma mínum sem framkvæmdastjóri á heilbrigðisstofnuninni og loksins sér fyrir endan á því. Samið er frá 1. janúar 2019 og munum við ljúka við samninga við ríkið vonandi í þessum mánuði. Þetta er ánægjustund þegar tekst að ljúka verkefnum sem þessum því þessu fylgir lægri rekstrarkostnaður fyrir heilbrigðisstofnunina til framtíðar. Deginum lauk síðan með fundi hjá KPMG þar sem hafin er endurskoðun fyrir árið 2019 og ég sat fyrir svörum varðandi úttekt á stjórnarsýslunni.
- Ég nýtti síðan jólafríð mjög vel en við fjölskyldan héldum jól og áramót á Tenerife í sól og sumaryl. Þetta var góður tími til að hlaða batterið enda allir aðrir í frí á sama tíma og því lítið um tölvupósta og annað vinnutengt. Það er greinilega vinsælt á meðal Íslendinga að dveljast þarna yfir jól og áramót því það var talsvert vaf þeim þarna ☺
- Ég kom til vinnu aftur 6. Janúar og fyrsta verkefnið var að sitja fund í samráðshóp sem vinnur að gerð samninga um rekstur heilbrigðisstofnunarinnar. Samningaviðræður ganga vel þó út af standi nokkur atriði ennþá. Í dag var haldinn starfsmannafundur á heilbrigðisstofnuninni þar sem stjórnendur HSU á Selfossi komu til að fara yfir stöðu mála til að upplýsa starfsfólk. Á morgun verður samningafundur þar sem unnið verður áfram að útfærslu samnings við HSU. Það liggur fyrir að HSU tekur yfir rekstur heilsugæslu og sjúkraflutninga og í

samningaviðræðunum er unnið að því að sveitarfélagið haldi áfram rekstri sjúkrarýma og heimahjúkrunar. Þannig helst sú samþætting sem hefur átt sér stað í heimaþjónustu ásamt því að rekstur fjögurra sjúkrarýma verður aldrei sjálfbær ein og sér undir hatti heilsugæslunnar.

- Fyrstu vikuna eftir jólafrí fór svo í að vinna lesa tölvupósta og ná áttum eftir frí. Mér tókst nú að tapa einum glugga af skrifstofunni minni á fyrsta deginum í vinnu eftir frí enda orðin allt of von sól og sumaryl og alveg búin að gleyma hversu hvasst getur orðið ☹️ Að öllu gríni slepptu þá er heppni að enginn var á gangi undir glugganum og því slasaðist enginn. Ég harma þó skemmdir sem urðu á bílum starfsmanna í ráðhúsinu en þær er nú hægt að laga!
- Ég sat minn fyrsta fund í nýju svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs þann 7. janúar. Á fundinum var kosið í hlutverk og er ég nú formaður svæðisráðs, Friðrik Jónas Friðriksson varamaður, Hjördís Skírnisdóttir aðalmaður, varamenn eru Ásgerður Gylfadóttir, Hjalti Þór Vignisson og Páll Róbert Mattíasson fyrir hönd sveitarfélagsins. Við fengum stutta kynningu á helstu starfsemi þjóðgarðsins á Suðursvæði sem og önnur dagskrármál. Þess má geta að fundargerðir svæðisráðs og stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs má lesa á heimasíðu þjóðgarðsins, hér er tengill á umrædda fundargerð:  
<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/Fundarg-svS/svaedisrad-sudursvaedis-75.pdf>
- Föstudagurinn 10. janúar var nokkuð þéttbókaður:
  - Ég sat í fjarfundi fund um fyrirkomulag vatnsveitu og gjaldskrá þeirra sem haldinn var að Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku. Fundurinn var haldinn af tilefni úrskurðar ráðuneytis vegna kæru á álagningu Orkuveitu Reykjavíkur á vatns- og fráveitu vegna ársins 2016, þar sem arðsemi hafi verið of mikil og ekki sé heimilt að reikna fjármagnskostnað með þeim aðferðum sem beitt var varðandi raforkudreifingu. Í kjölfarið endurgreiddi OR notendum samkvæmt úrskurðinum. Í kjölfar þessa máls óskaði ráðuneytið eftir úttekt á gjaldskrá vatnsveitna í landinu öllu. Stofnaður hefur verið vinnuhópur sem mun aðstoða við næstu skref sveitarfélaga í málinu.
  - Ég vann að endurskoðun jafnréttisáætlunar með Sverri mannauðs- og gæðastjóra og Erlu félagsmálastjóra. Vinnan gekk vel og er stutt í að áætlunin verði tilbúin.
  - Fyrsti stjórnarfundur ársins var haldinn hjá Náttúrustofu Suðausturlands. Þar eru verkefni fjölbreytt og spennandi.
- Þessi vika hefur helgast af undirbúningi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Ég vann einnig að ljósleiðaramálum, átti fund með Rarik vegna lagningu hitaveitu og fór á fund með Umhverfissráðherra í Freysnesi í gær þar sem hann kynnti frumvarp sem hann hefur lagt fram á Alþingi um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs. Vel var mætt á fundinn og líflegar umræður sem flestar voru þó á jákvæðum nótum. Við búum í nágrenni Vatnajökulsþjóðgarðs og hann hefur skilað samfélaginu mjög miklu. Störfum hefur fjölgað og eru t.a.m. 13 heilsársstörf í þjóðgarðinum að sögn starfsmanna þjóðgarðsins. Þangað kemur fjöldi ferðamanna en á síðasta ári komu tæplega ein milljón ferðamanna á Jökulsárlón. Frumvarpið er til umsagnar á

samráðsgátt Alþingis ásamt frumvarpi um þjóðgarðastofnun. Ég hvet þá sem hafa skoðun og áhuga á málinu til að nýta sér samráðið og skila inn umsögn.

Svo má nú geta þess að ég er svo heppin að sitja í þorablótsnefnd í Nesjum sem er fínasta skemmtun og brýtur upp hefðbundna rútínu!

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*